



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 16.01.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

Snjóflóð á Flateyri og í Súgandafirði

Lýst var yfir neyðarstigi þann 15. janúar vegna snjóflóða á Flateyri og í Súgandafirði. Þrjú snjóflóð féllu á skömmum tíma á tólfta tímanum þann 14. janúar á norðanverðum Vestfjörðum. Tvö snjóflóð féllu á og við Flateyri, annað utan við leiðigarða og yfir þá og lenti á húsi þar sem fjórir voru inni. Stúlka grófst í flóðinu og var henni bjargað, aðrir komust út af sjáfsdáðum. Hitt flóðið féll innan við leiðigarðana og alla leið ofan í höfnina þar sem bátar slitnuðu frá og nokkrir sukku. Þá féll enn eitt flóðið úr norðanverðum Súgandafirði niður á Norðureyri og fram í sjó. Við það myndaðist flóðbylgja sem skall á höfninni og fjörunni á Suðureyri þar sem bátar slitnuðu frá og sjór flaut um næstu götur. Tjón liggur ekki fyrir.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð þann 14. janúar kl. 23:56. Samhæfing aðgerða fer fram í Samhæfingarstöðinni.

Aðgerðarstjórn á Ísafirði var virkjuð kl. 23.44 og er enn að störfum

Samantekt

- Veður – Veðurstofan hefur aflýst snjóflóðahættu á Vestfjörðum
- Vegakerfi/samgöngur – Vetrarfærð er á vegum á Vestfjörðum
- Rýmingar – öllum rýmingum aflétt
- Lögreglan – sinnir samhæfingu aðgerða
- Björgunarsveitir – verðmætabjörgun og aðstoð við íbúa
- Rauði krossinn – Skipuleggur áfallahjálp
- Neyðarlínan – sinnir boðun
- Flugsamgöngur – áætlunarflug til Ísafjarðar er á áætlun
- Landhelgisgæslan –Varðskipið Þór er á Flateyri og þyrilan til taks
- Náttúruhamfaratrygging Íslands – eru að hefja mat á tjóni
- Umhverfisstofnun – metur umfang mengunar á Flateyri
- Almannavarnastig – Var lækkað úr neyðarstigi í óvissustig í hádeginu í dag



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Staða mála

Veður

- Óvissustig vegna snjóflóðahættu var aflýst á norðanverðum Vestfjörðum 16.01 klukkan 13:00
- Hættustig vegna snjóflóða var aflýst á Vestfjörðum klukkan 15.01 20:30

Starfsmenn snjóflóðavaktar veðurstofunnar eru að meta umfang flóða og aðstæður á svæðinu.

Gert er ráð fyrir skaplegu veðri á föstudag og laugardag á Vestfjörðum.

Vegakerfi/samgöngur

Vetrarfærð á vegum víðast hvar á Vestfjörðum, flestir vegir færir.

Rýmingar

Öllum rýmingum hefur verið aflétt á Vestfjörðum

Lögreglan

Samhæfing aðgerða er í höndum lögreglu.

Einn lögreglumaður er á Flateyri að taka myndir með dróna og afla upplýsinga. Fulltrúar almannavarnadeildar hafa verið að störfum í Samhæfingarstöð frá virkjun hennar.

Björgunarsveitir

8 björgunarsveitamenn fóru með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Flateyrar að kvöldi 15. janúar og hafa unnið með þeim sem fyrir voru við verðmætabjörgun og aðstoð við íbúa. Rúmlega 20 björgunarmenn eru að störfum á Flateyri, helstu verkefni þeirra eru björgun verðmæta í húsi sem varð fyrir flóðinu og snjómokstur. Farið hefur verið á milli húsa og snjó mokað frá þeim og þök hreinsuð.

Verkefnum björgunarsveita á Suðureyri lauk seint í gær þegar björgunarsveitarfólk aðstoðaði íbúa við að komast til síns heima eftir að rýmingum var aflétt.

Þrír aðgerðarstjórnendur starfa í samhæfingarstöð

Neyðarlínan

Neyðarlínan sinnir boðunum eftir þörfum

Rauði krossinn

Rauði krossinn skipuleggur áfallahjálp í kjölfar snjóflóðanna á Vestfjörðum. Áfallateymi eru að störfum og meta þörfina og mun skipuleggja framhaldið í samvinnu við Samráðshóp um áfallahjálp. Á Ísafirði var fjöldahjálparstöðinni lokað klukkan hálf átta og á Suðureyri hefur verið farið í heimsóknir og er greiningarvinna í gangi. Enn er fjöldahjálparstöðin opin á Flateyri og verður áfram opið og hefur áfallateymið verið að störfum þar. Áfallateymið var með fund með björgunarmönnum á Flateyri klukkan 11 og fyrirhugaður er fundur með björgunaraðilum á Ísafirði í kvöld klukkan 20.

Flugsamgöngur

Áætluarflug til Ísafjarðar var komið á áætlun í morgun og fór fyrsta ferð 10:15.

Landhelgisgæslan



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Þyrla Landhelgisgæslunnar hélt klukkan 14:00 í sitt fjórða flug á Vestfirði eftir að snjóflóðin féllu fyrir í vikunni. Verkefni bíða þyrlunnar á Flateyri og Ísafirði. Meðal annars stendur til að flytja mannskap og búnað milli Ísafjarðar og Flateyrar. Með í för eru einnig formenn stjórnarflokkanna sem ætla að kynna sér aðstæður auk forsvarsmanna helstu viðbragðsaðila. Þá er framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratrygginga með í för auk fulltrúa Rauða krossins sem kemur til með að aðstoða við skipulagningu á áframhaldandi stuðningi við íbúa.

TF-GRO, þyrla Landhelgisgæslunnar, fór síðdegis í gær í sjúkraflug til Flateyrar og á Ísafjörð auk þess sem hún flutti björgunarsveitarfólk, sérfræðinga, búnað og vistir síðar um kvöldið.

Í morgun fór áhöfnin á TF-GRO vestur með fulltrúa Umhverfisstofnunar og Veðurstofunnar vestur. Til að gera þyrlunni betur kleift að lenda við bensínstöðina á Flateyri voru tveir ljósastaurar felldir í gær til að búa til ákjósanlegan lendingarstað fyrir þyrluna.

Þyrlan verður til taks fyrir vestan næstu klukkutímana en TF-GRO lenti á Flateyri klukkan 15:00.

Varðskipið Þór er komið að bryggju á Flateyri en áhöfnin hefur sinnt margvíslegum verkefnum undanfarinn sólarhring. Í gær voru björgunarsveitarmenn, áfallateymi og aðrir viðbragðsaðilar fluttir frá varðskipinu í land með léttbátum.

Í morgun aðstoðaði áhöfnin starfsmenn Vegagerðarinnar að lýsa upp hlíðina með ljóskösturum til að kanna snjóalög. Þá hefur áhöfnin flutt mannskap, búnað og vistir á milli staða í dag auk þess sem hún hefur aðstoðað við að ná olútanki upp sem lá utan í varnargarðinum. Hann var hífður upp á bryggju.

Til að varðskipið kæmist að bryggju þurfti að senda léttbát með dýptarmæli sem skannaði höfnina til að athuga hvort einhver fyrirstaða væri í höfninni. Varðskipið verður áfram til taks við Flateyri.

Von er á sérfræðingi frá Umhverfisstofnun ásamt hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar um borð í skipið vegna undirbúnings við hreinsun hafnarinnar á morgun.

Umhverfisstofnun

Fulltrúi Umhverfisstofnunar fór vestur í morgun til að meta umfang mengunar í Flateyrahöfn Tveir gámar 20 og 40 feta, innihélt rafgeyma, kajaka, björgunarbáta- komið hefur í ljós að gámarnir fóru ekki í sjóinn, fundust á bryggjunni undir flóðinu, höfðu færst úr stað. Ca. 4800 lítra tankur sem talinn var tómur en nú er talað um að það gætu verið 200 lítrar- kominn á land. Ekki er vitað hvað varð um úrgangsolútankinn að svo stöddu. Líklegt er að hann sé uppi á bryggju hjá gámunum, það kemur í ljós við athugun.

Sex bátar, tveir strandaðir á hvolfi, hinir sokknir.

Hafnarstjórn í samvinnu við Umhverfisstofnun, Landhelgisgæslu og aðgerðastjórn munu fara til Flateyrar og meta aðstæður og skipuleggja aðgerðir í framhaldinu.

Eignatjón

Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur hafið könnun á váttryggingavernd eigna sem skemmdust í snjóflóðinu. Fljótt á litið virðist váttryggingavernd vera á þeim eignum sem skemmdust vera nokkuð góð að frátalinni flotbryggjunni á Flateyri.

Íbúafundir

Verið er að skipuleggja íbúafundi á norðanverðum Vestfjörðum.

Almannavarnastig

Ríkislögreglustjóri í samráði við Lögreglustjóran á Vestfjörðum hefur ákveðið að færa almannavarnastig í umdæmi Lögreglustjórans á Vestfjörðum af neyðarstigi niður á óvissustig.